

12
6. júlí

L Ö G

um

breyting á lögum nr. 52, 7. maí 1928, um tilbúinn áburð.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:

Árin 1932, 1933 og 1934 er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði þann kostnað, sem af því leiðir að flytja tilbúinn áburð bæði frá útlöndum og milli og til allra þeirra hafna, sem skip Eimskipafélags Íslands og strandferðaskip ríkisins koma á. Ennfremur heimilast ríkisstjórninni að greiða eftir ákveðnum reglum, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, kostnað þann, sem leiðir af flutningi áburðarins á landi, fyrir vegalengdir umfram 35 km.

2. gr.

2. málslíður 3. gr. laganna orðist svo:
Heimilt er að leggja á áburðinn allt að 3%.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1932 og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 46, 14. júní 1929, um breyting á lögum nr. 52, 7. maí 1928, um tilbúinn áburð.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Christiansborg, 6. júlí 1931.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

S. Kristinsson.